

## ✉ Re: 2004169 - Umsögn um lýsingu

Búið til	22.5.2020 11:19:19
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	22.5.2020 11:19:18
Tilheyrir	📁 202005-0009 - Skipulagslýsing til umsagnar, vegna áforma um að aðal- og deiliskipulag í Skógarhverfi á Akranesi.

### Efni

Re: 2004169 - Umsögn um lýsingu
---------------------------------

### Upplýsingar

Sent	22.5.2020 11:19:18	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Pátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	hafdis.sigurthorsdottir@akranes.is

### Innihald

Tilvísun í málsnr. 202005-0009

Vísað er til bréfs frá Akraneskaupstað, dags. 4. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 vegna breytinga opinna svæða sunna Akranesveggar 509, skipulag Garðalundar og Skógarhverfis. Fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting tekur til opinna svæða norðan og austan Skógarhverfis, verslunar- og þjónustusvæðis við Garðalund, sem fellt verður út, og stækkunar Skógarhverfis til norðurs. Deiliskipulag Garðalundar verður endurskoðað.

Svæðið sem um ræðir er í beinu framhaldi af þéttbýlinu á Akranesi og af loftmyndum að dæma er svæðið fyrst og fremst framræst tún og skógræktarreitir. Upprunalegu náttúrufari á svæðinu hefur því að mestu verið breytt en getur þó haft gildi fyrir lífríki svæðisins. Í lýsingunni er komið inn á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og bent á m.a. aðgerðaráætlun í loftslagsmálum og þar undir skógrækt og endurheimt votlendis. Í lýsingunni er ekki tekið á því hvernig skipulagið komið til móts við heimsmarkmiðin en gera má ráð fyrir að það verði þá gert í sjálfu skipulaginu. Benda má á að svo virðist sem mest af því landi sem á að taka undir byggð hafi verið votlendi. Rétt er einnig að benda á að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna fjalla um meira en loftlagsmál í tengslum við umhverfis- og náttúruvernd og má þar t.d. nefna vernd líffræðilegrar fjölbreytni sem fer ekki alltaf saman við óhefta skógrækt í nafni kolefnisjöfnunar. Það ber því að varast alhæfingar um sjálfbærni skóga af öllu tagi, sjá bls. 9, eða að kolefnisjöfnun náist með ákveðnum aðgerðum ef ekki eru fyrir hendi vísindalegar niðurstöður eða fagleg rök sem geta staðfest áætlaðan árangur.

**Meðfylgjandi eru ýmsar almennar upplýsingar sem geta nýst við frekari vinnslu á skipulaginu en eiga ekki endilega alla við um það svæði sem hér er til umfjöllunar:**

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig hún samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif þeirra m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Vegna frekari vinnslu á endurskoðun aðalskipulagsins vill Náttúrufræðistofnun einnig benda á eftirfarandi gögn sem geta komið að notum: Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_54.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf) ([http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_54.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf)) og <http://ni.is/grodur/vistgerdir> (<http://ni.is/grodur/vistgerdir>) sjá jafnframt kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort> (<http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>), og Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi> (<http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi>) og [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf) ([http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf)). Jafnframt er bent á að stofnunin hefur nýlega lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákveðin svæði á landinu og að þau verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruminjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> (<http://ni.is/midlun/natturuminjaskra>) en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://natturuminjaskra.ni.is/> (<https://natturuminjaskra.ni.is/>). Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Ná tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Það skal því ítrekað að hér er um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd. <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> (<http://ni.is/midlun/natturuminjaskra>)

Einnig má finna upplýsingar um 61. gr. laga um náttúruvernd, Sérstaka vernd, hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd> (<https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd>)

Yfirlit yfir valista má finna hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/valistar> (<https://ni.is/midlun/utgafa/valistar>).

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is) (<mailto:trausti@ni.is>)



---

**From:** "Hafdís Sigurþórsdóttir" <[hafdís.sigurthorsdottir@akranes.is](mailto:hafdís.sigurthorsdottir@akranes.is)>  
**To:** "Móttaka - NI" <[Mottaka@ni.is](mailto:Mottaka@ni.is)>  
**CC:**  
**Subject:** 2004169 - Umsögn um lýsingu  
**Date:** 6.5.2020 09:19:18

Góðan dag.

Meðfylgjandi er skipulagslýsing til umsagnar, vegna áforma um að aðal- og deiliskipulag í Skógarhverfi á Akranesi. Vinasamlega staðfestið móttöku póstsins.

*Með kveðju*



*Hafdís Sigurþórsdóttir*

*fulltrúi skipulags- og umhverfissviðs*

*S: 433-1052 / 8974033*

Netfang: [hafdis.sigurthorsdottir@akranes.is](mailto:hafdis.sigurthorsdottir@akranes.is) (mailto:hafdis.sigurthorsdottir@akranes.is)

[www.akranes.is](http://www.akranes.is) (<http://www.akranes.is/>) / [www.facebook.com/Akraneskaupstadur](http://www.facebook.com/Akraneskaupstadur)

(<http://www.facebook.com/Akraneskaupstadur>)



## Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image002.png (34 KB)

image001.jpg (1 KB)